



HRUNAMANNAHREPPUR

49. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 9. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 2. SEPTEMBER 2009
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2009, þann 2. september kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.30 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Áður en fundur hófst hitti hreppsnefnd fulltrúa Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og heimsóttu Flúðasveppi og Límtrésverksmiðju BM Vallár. Eftirtaldir sátu fundinn: Sigurður Ingi Jóhannsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð og Ragnar Magnússon, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Hann óskaði eftir að fá að leggja fram fundargerð 4. fundar Fræðslunefndar frá 1. september s.l. engar athugasemdar voru gerðar við það.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Fjármál sveitarfélagsins – samanburður á staðgreiðslu og framlög úr Jöfnunarsjóði 2008 – 2009 – endurskoðun fjárhagsáætlunar.
2. N1: Erindi varðandi sölu á litaðri olíu.
3. Vegamál í Hrunamannahreppi frá fundi í ágúst.
4. Fasteignaskrá: Umsögn sveitarstjórnar.
5. Almannaþing: Minnisþing m.a. vegna viðbragðsáætlunar.
6. Drög að samningi milli Hrunamannahrepps og BáB. (sjá veitustjórnarsamþykkt frá 24. ágúst).
7. Tillaga að samræmdar smalamennskur á afréttum og heimalöndum milli Hvítár og Þjórsár.
8. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Staðfesting á samþykktum um fráveitur og rotþrær í Hrunamannahreppi.
9. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Gjaldskrá fráveitugjalda í Hrunamannahreppi samþykkt.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. 34. fundur Veitustjórnar frá 24. ágúst s.l. – (ath. samningur BáB).
2. Landbúnaðarnefnd frá 5. ágúst sl og 23. ágúst
3. 4. Fundur fræðslunefndar frá 1. september s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. 15. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 13. ágúst s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 28,29 og 30 afgreiðslufundar)

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 425. fundur stjórnar frá 14. ágúst s.l.
- b. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 120. fundur stjórnar 20. ágúst s.l.

Aðrar upplýsingar:

- a. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi fjallaskála – eftirlit og athugasemdir. bréf frá 11. ágúst s.l.
- b. Landmælingar: Könnun á landupplýsingum.

Fundir framundan:

1. Hádegisverðarfundur með Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands á Hótel Flúðum 2. september kl. 12.00 – í beinu framhaldi af fundinum verður hreppsnefndarfundur.
2. Sorpstöð Suðurlands – vinnuhópur 4. september kl. 13.00 Austurvegur 56.
3. Fjármálaráðstefna: Hilton Hótel 1. og 2. október n.k. (þátttaka okkar).
4. SASS – Aðalfundur á Höfn í Hornafirði 15. og 16. október n.k. (Hverjir verða fulltrúar Hrunamannahrepps – aðal og varamenn) :
 - a. SASS, b. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, c. Skólaskrifstofa Suðurlands, d. Sorpstöð Suðurlands, e. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.

Gengið var til dagskrár:

1. Fjármál sveitarfélagsins – samanburður á staðgreiðslu og framlög úr Jöfnunarsjóði 2008 – 2009 – endurskoðun

fjárhagsáætlunar. Oddviti og sveitarstjóri lögðu fram samanburð á staðgreiðslu og fjárframlögum úr jöfnunarsjóði fyrir árið 2008 og það sem af er ári 2009. Einnig var rætt um lán að upphæð kr. 158.253.216 sem er á gjalddaga í september. Sveitarstjóra falið að framlengja láninu til 18 mánaða hjá Kaupþing banka en lánið var tekið þar. Vaxtarprósenta lánsins er óbreytt. Ákveðið var að stefna að því að leggja fram endurskoðaða fjárhagsáætlun á næsta fundi hreppsnefndar. Staðgreiðslutekjur og tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga virðast enn í jafnvægi og í takt við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

2. **N1: Erindi varðandi sölu á litaðri olíu.** Oddviti kynnti ósk N1 um að fá að staðsetja tank og dælu fyrir litaða olíu á afgreiðslustöð N1 á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir að veita leyfið í tilraunaskyni til 1. júní 2010 en minnir á að eftirlit með bensín-og olíudælum þurfi að bæta vegna tíðra bilana.
3. **Vegamál í Hrunamannahreppi frá fundi í ágúst.** Oddviti sagði frá fundi sem hann, sveitarstjóri og Sigurður Ingi höfðu átt með fulltrúum vegagerðarinnar. Einnig kynnti hann niðurstöður fundarins og minnisblað í framhaldi af fundinum frá fulltrúum Vegagerðarinnar. Guðmundur Hjaltason sat fundinn í upphafi vegna umræðu um innakstur í fyrirhugaða íbúðabyggð í landi Sunnuhlíðar. Hreppsnefnd hvetur enn til vegabóta víðsvegar í hreppnum.
4. **Fasteignaskrá: Umsögn sveitarstjórnar.** Oddviti kynnti fasteignamat 2010 og breytingar sem orðið hafa einnig bréf sem sveitarstjóri hafði sent fulltrúum Fasteignaskrárinnar en ekki hafði fengist enn svar við. Meginbreytingarnar virðast felast í hækkun fasteignamats í þéttbýlinu á Flúðum. „Hreppsnefnd Hrunamannahrepps leyfir sér að efast um þá aðferðafræði Fasteignarskrár Íslands að miða fasteignamat við kaupsamninga þriggja síðustu ára í þéttbýli á Flúðum, þar sem tiltölulega fáar fasteignir seljast árlega og sérkennilegt ástand ríkti á fasteignamarkaði á þessu tímabili. Það sýnir e.t.v. myndina að nokkur íbúðarhús hafa verið seld sem annar búsetukostur þeirra aðila sem keypt hafa fasteignir á Flúðum. Einnig bendir allt til þess að útleiga á íbúðarhúsnæði sé undir markaðsverði t.d. þegar miðað er við Árborgarsvæðið. Hins vegar fagnar hreppsnefnd fjölgun íbúa og framþróun á mannvirkjasviði sem átt hefur sér stað í Hrunamannahreppi á undanförunum árum“.
5. **Almannavarnir: Minnisþingar m.a. vegna viðbragðsáætlunar.** Oddviti lagði minnisþinga sem sveitarstjóri hafði tekið saman vegna viðbragðsáætlunar vegna svínaflensu. Unnið er að gerð viðbragðsáætlunar í Leikskólanum Undralandi og Flúðaskóla. Einnig vinna sveitarfélög sem aðild eiga að Heilsugæslustöðinni í Laugarási að sameiginlegri viðbragðsáætlun í samstarfi við björgunarfélög og björgunarsveitir á svæðinu.
6. **Drög að samningi milli Hrunamannahrepps og BáB. (sjá veitustjórnarsamþykkt frá 24. ágúst).** Oddviti lagði fram drög að samningi milli Byggðar á Brikum og Hrunamannahrepps. Áður hafði Veitustjórn samþykkt samninginn fyrir sitt leyti. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur oddvita og sveitarstjóra að undirrita hann f.h. hreppsins.
7. **Tillaga að samræmdar smalamennskur á afréttum og heimalöndum milli Hvítár og Þjórsár.** Oddviti kynnti tillögur um að samræma smalamennskur á heimalöndum og afréttum milli Hvítár og Þjórsár. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna samhljóð.
8. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Staðfesting á samþykktum um fráveitur og rotþrær í Hrunamannahreppi.** Oddviti lagði fram til staðfestingar samþykktir um fráveitur og rotþrær í Hrunamannahreppi.
9. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Gjaldskrá fráveitugjalda í Hrunamannahreppi samþykkt.** Oddviti kynnti til staðfestingar gjaldskrá fráveitu Flúða. Hreppsnefnd samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að senda hana Umhverfissráðuneytinu til samþykktar og síðan að birta hana í B deild Stjórnartíðinda.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. 34. fundur Veitustjórnar frá 24. ágúst s.l. – (ath. samningur BáB). Oddviti kynnti fundargerð veitustjórnar frá 24. ágúst s.l. Þar er fjallað m.a. um gjaldskrá fráveitu og samþykkt, samningur við Byggð á Bríkum, vatnsmál sumarhúsa í Ásatúni, Átaksveitu o.fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
2. Landbúnaðarnefnd frá 23. ágúst sl Oddviti kynnti fundargerð landbúnaðarnefndar frá 23. ágúst s.l. Þar er m.a. fjallað um fjallferð og smölun á Hrunamannaafretti. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
3. 4. Fundur Fræðslunefndarfundur frá 1. september s.l. Þar er fjallað um erindi frá Tónsmiðju Suðurlands um samning um að sinna hluta af tónlistarkennslu í Hrunamannahreppi. Í fundargerðinni segir: “ Þar sem skólaárið er hafið og fyrir liggur gildandi samningur við TÁ mun Fræðslunefnd skoða erindi TS í vetur með það að markmiði að nemendum gefist tækifæri til að sækja nám hjá TS til jafns við TÁ á næsta skólaári“ Þó skal tillit tekið til fjárhagsramma sveitarfélagsins. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. 15. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 13. ágúst s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 28,29 og 30 afgreiðslufundar) Oddviti kynnti og lagði fram fundargerð 15. fundar byggingar og skipulagsfulltrúa frá 13. ágúst sl. Þar er fjallað um breytingu á íbúðarhúsi við Akurgerði á Flúðum, Syðra-Langholt deiliskipulag, lóð vegna Bræðratunguvegar, afgreiðslufundur: samþykkt niðurrif á húsi Efra-Seli, stöðuleyfi vegna vinnuskúrs í Hlíðarlandi og tvö sumarhús í Ásabyggð, Kríubraut og Tjarnardal og viðbyggingar við hús á Grafarbakka, Dalabyggð og gestahús í Móadal. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og felur sveitarstjóra í samráði við skipulagsfulltrúa að ganga frá grenndarkynningu íbúa við Akurgerði 1 og 3 vegna breytinga á íbúðarhúsinu við Akurgerði 2 og skrifa undir grenndarkynninguna f.h. Hrunamannahrepps.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 425. fundur stjórnar frá 14. ágúst s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 120. fundur stjórnar 20. ágúst s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.

Aðrar upplýsingar:

- a. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi fjallaskála – eftirlit og athugasemdir. bréf frá 11. ágúst s.l. Lagt fram til kynningar.
- b. Landmælingar: Könnun á landupplýsingum. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

1. Sorpstöð Suðurlands – vinnuhópur 4. september kl. 13.00 Austurvegur 56.
2. Fjármálaráðstefna: Hilton Hótel 1. og 2. október n.k. (þátttaka okkar).
3. SASS – Aðalfundur á Höfn í Hornafirði 15. og 16. október n.k. (Hverjir verða fulltrúar Hrunamannahrepps – aðal og varamenn) :
 - a. SASS, b. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, c. Skólaskrifstofa Suðurlands, d. Sorpstöð Suðurlands, e. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.
 - Oddviti lagði fram minnispunkta frá fulltrúum Heilsuþorpsins á Flúðum.
 - Hreppsnefnd samþykkir að eftirtaldir aðilar verði fulltrúar Hrunamannahrepps á aðalfundi SASS- Heilbrigðiseftirlits Suðurlands – Skólaskrifstofu Suðurlands og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, til vara: Sigurður Ingi Jóhannsson og Ísólfr Gylfi Pálmason.
 - Fulltrúi á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands: Ísólfr Gylfi Pálmason til Ragnar Magnússon.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.45